

Föstudaginn 8. júní 1923.

Nr. 53/1922. **Eigendur Búðar í Eyrahræppi**

(B. P. Kalman)

gegn

eigendum Hnífsdals neðri

(Jón Ásbjörnsson)

**og Oddi Gíslasyni sýslu-
manni.** (Enginn,

útaf skifting lands milli þessara jarða.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 5. júlí 1922: Framangreind landskifti eru ógild.

Hina stefndu, Halldór Pálsson, Pál Pálsson, Hjört Guðmundsson, Valdimar Þorvaldsson, Guðmund Sveinsson og Kjartan B. Guðmundsson, ber að sýkna af kærnum og kröfum stefnandans Hálfdáns Hálfdánssonar og Sigríðar Össursdóttur. Stefnandi greiði stefndum 200 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Fyrir hæstarjetti hafa áfrýjendurnir gjört þær rjettarkröfur, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um ógildingu landskiftagjörðar þeirrar, er ræðir um í málinu, verði staðfest, og að vísað verði frá undirrjetti kröfu áfrýjendanna um að jörðinni Búð verði dæmd sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar og allt út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls. Loks hafa þeir krafist málskostnaðar fyrir undirrjetti og hæstarjetti.

Þar sem dóminum hefir eigi verið áfrýjað af hálfu hinna stefndu verður engin breyting gjörð á ákvæði dómsins um ógildingu landskiftagjörðarinnar, og ber því að staðfesta dóminn að þessu leyti samkvæmt kröfu áfrýjenda.

Um hitt atriði málsins, um landareign jarðarinnar Búðar, er það að athuga, að málsaðila greinir á um það, hvort landsvæði það, er deilt er um í málinu, sje einkareign Búðar eða hvort jörðin eigi aðeins slægnaitak á landspildu þessari, sem sje sameiginlegt land jarðanna Búðar og Hnifsdals neðri, svo og um takmörk landspildu þessarar, en þessi ágreiningur er í eðli sínu landaþræta og á undir landamerkjadóm. Verður því ex officio að ómerkja aukarjettardóminn að þessu leyti og vísa kröfunni frá undirrjettinum.

Eins og málatilbúnaðinum hefir verið hagað af áfrýjenda hálfu þykir rjett að málskostnaður í hjerði og hæstarjetti falli niður.

Áfrýjendur hafa stefnt undirdómaranum Oddi sýslumanni Gíslasyni og krafist þess að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarjetti annaðhvort in solidum með stefndu eða út af fyrir sig, en þaræð engin ástæða var til þess að stefna undirdómaranum til ábyrgðar, verður krafa þessi eigi tekinn til greina, en um málskostnaðargreiðslu til undirdómarans er eigi að ræða, með því að hann hefir eigi mætt eða mæta látið í rjettinum.

Því dæmist rjett vera:

Akvæði aukarjettardómsins um ógilding landskiftagjörðarinnar staðfestist. Að því er snertir kröfu áfrýjendanna um að jörðinni Búð verði dæmt sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar og allt út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls, ómerkist dómurinn og vísað málinu að því leyti frá undirrjetti.

Málskostnaður fellur niður bæði í hjeraði og í hæstarjetti.

Sýslumaður Oddur Gíslason sýknast af málskostnaðarkröfu áfrýjenda.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skjali dags. 20. mars 1919 kröfðust eigendur Hnifsdals neðri (Heimabæjar) þeir Guðmundur Sveinsson, Valdimar Þorvarðsson, Kjartan B. Guðmundsson, Halldór Pálsson, Páll Pálsson, Hjörtur Guðmundsson og Guðmundur Sveinsson, sem einnig var eigandi $\frac{1}{2}$ jarðarinnar Búðar í Hnifsdal, að látni væri fara fram landsskifti á allri fjörulóðinni fyrir neðan götu, innan frá Hnifsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Samkvæmt því skipaði sýslumaður 3 menn og einn fyrir oddamann til þess að framkvæma landsskifti á umræddu svæði. Framkvæmdu landsskiftamenn síðan skiftin, og undirskrifuðu gjörðabók því viðvíkjandi 21. júlí 1920. Yfirmats hefir eigi verið krafist.

Með stefnu útgefinni 22. október f. á., krefst stefnandinn, Hálfðán Hálfðánsson og ekkjan Sigríður Össursdóttir, bæði til heimilis í Búð, Hnifsdal, að umrædd landsskiftagjörð verði dæmd ógild, en með landsskiftagjörð þessari sje skift landi milli eigenda og ábúenda Hnifsdals neðri (Heimabæjar) og jarðarinnar Búðar, að jörðinni Búð verði dæmd sem einkalandareign alt svæðið frá túni jarðarinnar og út að Skarfaskeri, niður til stórstraumsflæðarmáls, og að stefndir verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndir eigendur Hnifsdals neðri, öðru nafni Heimabæjar, þeir Halldór Pálsson, Páll Pálsson, Hjörtur Guðmundsson, Valdimar Þórðarson, Guðmundur Sveinsson og Kjartan B. Guðmundsson, krefjast þess aftur á móti að þeir verði sýknaðir af kærur og kröfum stefnanda, og hann verði dæmdur í málskostnað með sjerstöku tilliti til þess að málshöfðunin hefði við engin rök að styðjast.

Eins og áður er sagt hafa farið fram landsskifti á svæði því, sem um er stefnt í málinu og verður því að athuga hvort mál þetta verði tekið til meðferðar af rjettinum, eða því beri að frávísa, sem rjettinum óviðkomandi sakir þess að landsskifti hafi

framfarið, er eigi hefir verið hrundið á þann hátt, sem landsskiftalögin mæla fyrir, með yfirmati.

Rjetturinn lítur svo á, að fyrir dómsstólana megi leggja spurninguna um það, hvort meðferð skiftanna að formi til hafi verið lögleg, og ber því að athuga það.

Stefnandi heldur því fram, að ofan nefnd landsskifti hafi verið framkvæmd án þess að hann væri boðaður til að vera við skiftin, er hann álitur að hafi farið fram þann 27. júní 1920, því þá hafi hann, án þess að hafa fengið nokkra vitneskju um það, sjeð landsskiftamennina vera að setja niður merkjaþolla, enda kvaðst stefnandi þá hafa gengið til þeirra, og int þá eftir hvert erindi þeirra væri, og er þeir þá tjáðu honum að þeir væru að framkvæma landsskifti, kvaðst hann hafa bannað þeim það. Þá hafa og stefndir mótmælt landsskiftum sakir þess að rjettindi jarðarinnar Hrauns, sem er uppsátur fyrir einn bát í Neðri-Hnífsdal (Heimabæ), sje fært úr svonefndri Heimabæjarvör, inn á „Sand“ að málsaðilum óaðspurðum, sökum þessa og eins vegna þess að árflúðirnar sjeu teknar með í lendingarmáli verði lendingarsvæðið oflítið í hlutfalli við aðra hlutaðeigendur.

Að því nú er landsskiftagjörðina snertir, þá sýnir hún að landsskiftamenn boða eigendur og ábúendur jarðarinnar Neðri-Hnífsdals og Búðar á fund, sunnudaginn 6. júlí 1919, á nánar tilteknum stað í Hnífsdal til þess að ræða væntanleg landsskifti á fjörulóð tjeðra jarða. Í landsskiftagjörðinni er þess eigi beint getið hvort allir hlutaðeigendur hafi mætt á fundinum en hinsvegar segir þar, að landsskiftamenn hafi haldið fund, með eigendum og ábúendum greindra jarða og þeir hafi lagt fyrir þá uppkast af skiftagjörð og frumteikningu að landi því er skifta skyldi og að skiftin sjeu framkvæmd samkvæmt því með litlum breytingum eftir samhljóða óskum gjörðarbeiðanda.

Hinsvegar segir ekkert um það í gjörðinni að eigendur og ábúendur hafi verið boðaðir til þess að vera við sjálf skiftin og virðist það eigi hafa verið gjört. En í landsskiftalögunum er beinlínis fyrirskipað að boða skuli eigendur og ábúendur til þess að vera við landsskifti og þar sem að hvortveggja málsaðila telja landsskiftin hafa farið fram að þeim óspurðum, stefnandi yfirleitt og stefndir að minsta kosti að því er snertir það atriði skiftanna, sem þeir samkvæmt áðursögðu mótmæla, lítur rjetturinn svo á að landsskiftin hafi eigi við lög að styðjast að þessu leyti og að

Því beri að dæma gjörðina ógilda eftir kröfu stefnanda sbr. lög nr. 43 ^{10/11} 1913, 4. gr. um landsskipti.

Næst er þá sú rjettarkrafa stefnda að jörðinni Búd verði dæmd sem einkalandareign alt svæðið frá túni jarðarinnar út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls, sbr. landamerkjaskrá, dags. 26. maí 1886.

Að því athuguðu að samkvæmt rjettarkröfu stefnanda og skjölum málsins virðist einungis að ræða um lögskýringu á landamerkjaskrá jarðarinnar Búðar, lítur rjetturinn svo á, að eigi sje ástæða til þess að frávísa málinu ex officio fyrir þá sök, að það heyri undir landamerkjadóm, og af sömu ástæðu virðist heldur eigi ástæða til að dæma málið með meðdómsmönnum sbr. 16. gr. laga nr. 41, ^{28/11} 1919 um landamerki og fl.

Eins og fyr segir, byggir stefnandi kröfu sína á landamerkjaskrá Búðar dags. 26. maí 1886. En sama ár og dag er landamerkjaskrá Neðri-Hnífsdals (Heimabæjar) samín og hafa báðar þessar skrár verið framlagðar í málinu.

Í landamerkjaskrá Búðar stendur: „Jörðinni Búd heyrir til frá túni og að Skarfaskeri, sem slægjur eiga að heita“ „Slægjur heyra nú eigi jörðinni meiri til, en beit og öll önnur hlunnindi á hún jafnt Heimabæ“. Í landamerkjaskrá Heimabæjar segir um þetta atriði: „að frátöldu Búðartúni og slægjum frá því og út að Skarfaskeri“ „¹/₅ af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búd“.

Í málinu er það upplýst að jörðin Búd var lögð til sem hjálenda frá höfuðbýlinu Hnífsdal neðri (Heimabæ) og er það þá æði ósennilegt að hjálendan hafi öðlast fjörurjettindi í langtum stærri mæli en hlutfallslega við höfuðbýlið. Fyrir slíku þyrfti að vera óyggjandi sannanir í málinu. — Í hinum tilvitnuðu orðum landamerkjaskráanna virðist eigi geta falist annað en orðin hljóða um, að jörðin Búd hafi land þetta til slægna, en hefir hinsvegar engan einkarjett yfir fjörolóðinni eða þeim hluta landsins, sem eigi er til slægna öðruvísi en í sameign og í rjettu hlutfalli við stærð beggja jarðanna. Enda virðist þessi skilningur koma enn þá tvímælaausara fram í síðari málsgrein landamerkjaskrár Búðar, þar sem segir: „Slægjur heyra nú eigi jörðinni meiri til, en beit og öll önnur hlunnindi á hún að tiltölu jafnt Heimabæ“. Í landamerkjaskrá Neðri-Hnífsdals (Heimabæjar) segir hjer um: „¹/₅ af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búd“.

Orðanna hljóðan um þetta virðist því eigi geta verið öllu

ljósari. Að sjálfsögðu ber því að sýkna hina stefndu af þessari kröfu stefnanda. Eftir þessum úrslitum getur stefnandi eigi komist hjá að greiða stefndu málskostnað er ákveðst 200 krónur.

Mánudaginn 11. júní 1923.

Nr. 2/1923.

Geir Sigurðsson f. h. h/f. Hákon

(L. Fjeldsted)

gegn

Sigurjóni Pjeturssyni

f. h. h/f. Stefnir

(B. P. Kalman),

útaf skaðabótum.

Dómur sjóðóms Reykjavíkur 11. febr. 1922:
Stefndur Sigurjón Pjetursson f. h. h/f. Stefnir á að vera sýkn af kröfum stefnandans Geirs Sigurðssonar f. h. h/f. Hákonar í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 100 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi 18. des. f. á.

Að vísu verður að telja það mjög varhugaverða ráðstöfun að leggja stærra skipi, sem Walpole var, fast við ytra borð skipsins Hákon að kvöldi dags á þeim árstíma, sem allra veðra er von (lok septembermánaðar) og án þess að svo væri um festar og legufæri búið, að flytja mætti skipið í skjótri svipan ef veður breyttist, en þar sem veður var gott þegar skipinu var lagt þannig með leyfi hafnarstjórnar án